



Umhverfisstefna Hafnarfjarðarhafnar



Hafnarfjarðarhöfn hefur að leiðarljósi að vera til fyrirmyndar í umhverfismálum, stuðla að vistvænni starfsemi og lágmarka óæskileg umhverfisáhrif vegna þeirrar starfsemi sem fram fer á hafnarsvæðinu.

Vísað er til meginmarkmiða í umhverfis- og auðlindastefnu Hafnarfjarðarbæjar; sjálfbæra nýtingu, verndun náttúru, auðlinda og menningarminja, lágmarksmengun og virka umhverfisvöktun, auk þess sem dregið verði úr myndun úrgangs og áhersla lögð á aukna endurvinnslu.

Hafnarfjarðarhöfn leggur áherslu á virka umhverfisvöktun og hefur tekið upp kolefnisbókhald og kolefnisjöfnun við rekstur hafnarinnar.

Hafnarfjarðarhöfn leggur áherslu á að efla umhverfisvitund starfsmanna hafnarinnar og þeirra viðskiptavina og þjónustuaðila sem starfa á hafnarsvæðinu.

Umhverfisstefnan skal yfirfarin samhliða gerð fjárhagsáætlunar ár hvert.

Efnisyfirlit

Almennir starfshættir	3
Vistvænar samgöngur	4
Lýsing og hávaði	5
Úrgangur og spilliefni	6
Neysluvatn	7
Skipulag/framkvæmdir	8
Umhverfisvöktun	9
Viðbragðsáætlanir	10

1. Almennir starfshættir

- 1.1 Framfylgja skal með skýrum hætti öllum lagalegum kröfum sem eiga við um hollustu, heilbrigði og umhverfismál vegna starfsemi á hafnarsvæðinu. Starfsmenn hafnarinnar skulu hafa greiðan aðgang að fræðslu um umhverfismál.
- 1.2 Við innkaup á vörum og þjónustu skal litið sérstaklega til umhverfisþátta.
- 1.3 Fylgst skal með því að fyrirtæki sem starfa innan hafnarsvæðis fylgi þeim umhverfiskröfum sem þeim eru settar af stjórnvöldum eða hafnaryfirvöldum.

Aðgerðaráætlun

- 1.4 Upplýsingar um umhverfisstefnu, eftirfylgni og einstök verkefni sem snúa að umhverfismálum skulu vera aðgengileg á heimasíðu Hafnarfjarðarhafnar.
- 1.5 Starfsmenn verða hvattir til sækja námskeið og afla sér þekkingar á umhverfismálum, búnað og tækni sem getur tryggt bætt umhverfi hafnarinnar.
- 1.6 Verkstjórar á hafnarsvæði verða í forsvari fyrir umhverfisvakt hafnarinnar.

2. Vistvænar samgöngur

- 2.1 Lögð er áhersla á að nota vistvæn farartæki á vinnusvæði hafnarinnar.
- 2.2 Hafnarfjarðarhöfn hefur afnot af bæði rafmagnsbíl og rafmagnsvagni.
- 2.3 Við endurnýjun farartækja skal horft til vistvænna og sparneytinna tækja.
- 2.4 Vinna á hafnarsvæði skal skipulögð á þann hátt að dregið sé úr þungaakstri sem kostur er.
- 2.5 Á opnum svæðum innan hafnarinnar skal umferð gangandi vegfarenda og hjólréiðafólks tryggð á sem öruggastan máta.

Aðgerðaráætlun

- 2.6 Við endurnýjun bíla- og tækjabúnaðar hafnarinnar skulu vistvæn sjónarmið höfð að leiðarljósi.
- 2.7 Við skipulagsvinnu fyrir hafnarsvæði skal horft sérstaklega til vistvænna sjónarmiða, bæði er varðar umferðarmál og almenna starfsemi á svæðinu.

3. Lýsing og hávaði

- 3.1 Til að draga úr orkunotkun við raflýsingu skal koma upp led-lýsingu á hafnarsvæðinu og við lýsingu í neyðarstigum á hafnarbökkum.
- 3.2 Gæta skal að því að lýsingarbúnaður sé rétt stilltur til að koma í veg fyrir ljósmengun.
- 3.3 Kappkostað skal að halda (hljóð)mengun frá hafnarsvæðinu í lágmarki.
- 3.4 Til að draga úr hljóðmengun skal raftengja öll skip sem geta tengst rafþjónustukerfi hafnarinnar.
- 3.5 Stefnt skal að því að efla enn frekar raftengikosti svo hægt verði að tengja frystitogara, farmskip og millistór farþegarskip með orkuþörf allt að 5 MW.

Aðgerðaráætlun:

- 3.6 Ljúka skal endurnýjun lýsingarbúnaðar á Suðurbakka og Hvaleyrarbakka fyrir árslok 2022.
- 3.7 Gera skal reglulega hljóðvistarkönnun á hafnarsvæðinu, bæði innan og utan Suðurgarðs.
- 3.8 Koma skal upp raftengikerfi á Suðurbakka, allt að 5 MW fyrir árslok 2022, til að þjóna minni farþegaskipum, farmskipum og frystitogurum.

4. Úrgangur og spilliefni

- 4.1 Fækka skal sem kostur er notkun á mengandi og hættulegum efnum.
- 4.2 Fyrirbyggja skal að mengandi efni berist í fráveituvatn.
- 4.3 Traust ílát skulu vera til staðar á hafnassvæðum til að taka við spilliefnum.
- 4.4 Tryggja skal skráningu, skil og endurvinnslu á spilliefnum sem koma frá hafnarsvæði.

Aðgerðaráætlun:

- 4.5 Höfnin skal vera þátttakandi í samræmdu skráningar- og eftirlitskerfi „PortMaster“, til að halda utan um skil á öllum úrgangi og mengandi efnum frá hafnassvæðinu.
- 4.6 Á opnu hafnassvæði verður komið upp aðstöðu til losunar á flokkuðum úrgangi.

5. Neysluvatn

- 5.1 Tryggja skal í samvinnu við Vatnsveitu Hafnarfjarðar bestu gæði neysluvatns sem kostur er á fyrir afgreiðslu til skipa.
- 5.2 Gæðaeftirlit skal vera með allri vatnsþjónustu á hafnarsvæðinu. Vottorð um vatnsgæði liggi reglulega fyrir frá Heilbrigðiseftirliti.
- 5.3 Hefta skal sem kostur er sjálfrennandi vatn úr slöngum á hafnarsvæði.

Aðgerðaráætlun:

- 5.4 Sýnatökur á vatni úr afgreiðslubrunnum á hafnarsvæði skulu gerðar að lágmarki einu sinni á ári.
- 5.5 Skila skal úttekt á innra eftirliti vegna vatnsþjónustu til Vatnsveitu fyrir hvert 12 mánaða tímabil.

6. Skipulag/framkvæmdir

- 6.1 Horfa skal til allra umhverfispátta við skipulag og framkvæmdir á hafnarsvæðinu.
- 6.2 Nýta skal sem kostur er dýpkunarefni og jarðveg frá framkvæmdum á svæðinu til nýrra landfyllinga á hafnarsvæðinu.
- 6.3 Þau hafnarsvæði sem eru opin fyrir almannaumferð skulu vera aðgengileg og umhirða þar til fyrirmyndar.

Aðgerðaráætlun:

- 6.4 Við endurbyggingu á Flensborgar- og Óseyrarssvæði sem fram mun fara á næstu árum, skal nýta sem kostur er allt það jarðefni sem fellur til frá byggingarlóðum, til hafnargerðar og landfyllinga innan hafnarsvæðisins.
- 6.5 Komið verður upp fleiri almenningsbekkjum í opnum rýmum við Flensborgarhöfn og bætt aðgengi meðfram hafnarsvæði þar og við Fornubúðir.

7. Umhverfisvöktun

- 7.1 Starfsmenn hafnarinnar skulu fylgjast daglega með öllu umhverfi og umgengni á hafnarsvæðinu og sjái til þess að farið sé að reglum og gripið til viðeigandi aðgerða ef þörf er á.
- 7.2 Öll starfssemi hafnarinnar, aðföng og rekstur skal skráð í kolefnisbókhalð sem er opið almenningi.

Aðgerðaráætlun:

- 7.3 Öllum ábendingum um þau atriði sem betur megi fara í umgengni innan hafnarsvæðis skal þegar komið til viðkomandi aðila og því fylgt eftir að úrbætur eigi sér stað.
- 7.4 Draga skal sem kostur er úr kolefnislosun sem fylgir starfsemi á hafnarsvæðinu.
- 7.5 Starfsemi hafnarinnar skal kolefnisjöfnuð með samningi við Kolvið.

8. Viðbragðsáætlanir

- 8.1 Til staðar er viðbragðsáætlun við bráðamengun, staðfest af umhverfisstofun, sem nær til allra hafnasvæða innan Hafnarfjarðarhafnar.
- 8.2 Búnaður til fyrstu viðbragða vegna olíumengunar skal vera til staðar á hafnasvæðinu.
- 8.3 Samningur er í gildi við Slökkvilið höfðuborgarsvæðsins um sérfræðiþjónustu vegna mengunarslysa, sértækan tækjabúnað og þjálfun starfsmanna.

Aðgerðaráætlun:

- 8.4 Árlega skal halda sameiginlega æfingu hafnarstarfsmanna og slökkviliðs og annarra viðbragðsaðila vegna mögulegrar olíumengunar á hafnasvæðunum í Hafnarfirði og Straumsvík.
- 8.5 Reglulegt eftirlit skal vera með birgðahaldi og ástandi búnaðar vegna bráðamengunar sem á að vera til staðar á hafnasvæðum.